

Guðmundur G. Þórarinsson, verkfræðingur:

Hlynnur sameiningu

Guðmundur G. Þórarinsson, verkfræðingur var fundarstjóri á almennum kynningarfundum sem haldinn var 9. nóvember sl. um sameiningu VFÍ, TFÍ og SV. Inngangserindi sem hann flutti á fundinum vakti nokkra athygli en Guðmundur hefur um langt árabil verið hlynnur því að félög verkfræðinga og tæknifræðinga verði sameinuð. Ekki síst vegna þeirrar ábyrgðar sem hann telur að tæknimenntað fólk hafi í þeim málaflokkum sem varða sérþekkingu þeirra.

Guðmundur segir að forystumenn VFÍ á hverjum tíma velti vitaskuld fyrir sér framtíð félagsins og hvaða leiðir séu færar til að efla það og styrkja. “Í slíkri umræðu hefur oftast einu sinni verið velt upp þeim möguleika að sameina félög verkfræðinga og tæknifræðinga. Slík umræða er í takt við það sem hefur gerst í löndunum í kringum okkur og í mörgum þeirra hefur sameining orðið að veruleika. Í nokkur skipti hefur umtalsverð vinna verið lögð í að kanna möguleika á sameiningu félaganna hér á landi. Þegar ég starfaði í stjórn félagsins á sínum tíma veltum við þessum málum mikið fyrir okkur með það að markmiði að efla félagið og auka hagkvæmni. Á sínum tíma, nánar tiltekið 1994, náðist að stíga það skref að sameina skrifstofur félaganna. Stærri skref voru menn ekki reiðubúnir að stíga þá. Síðan eru liðin rúm tíu ár og nú er þetta mál komið aftur á dagskrá. Ég tel að með sameiningu félaganna þriggja sé stigið skref sem verði tæknifræðingum og verkfræðingum mjög til góðs. Það muni efla starfsemina, hið sameinaða félag verði öflugra og geti betur þjónað fjölbreyttum hagsmunum félagsmanna.”

Ábyrgðin

Guðmundur hefur kannski þá sérstöðu að líta á sameiningu félaganna í víðara samhengi en gengur og gerist. Þannig er ábyrgð stéttarinnar honum ofarlega í huga. “Ég hef alltaf litið þannig á að þeir einstaklingar sem hafa menntað sig til þess að takast á við tæknimál, í víðum skilningi þess orðs, beri ákveðna ábyrgð í þjóðfélaginu. Til að standa skil á þeirri ábyrgð þarf öflug félagasamtök og þessir einstaklingar verða að standa saman.

Ég sé reyndar fyrir mér að í framtíðinni verði til landssamtök tæknimenntaðs fólks. Þá á ég ekki bara við verkfræðinga og tæknifræðinga heldur líka arkitekta og fleiri hópa. Þannig held ég að þessir hópar fái meira vægi í þjóðfélagsumræðunni. Slík landssamtök muni boða til ársfundar og fjalla um og álykta um ýmis mál og þannig komið sjónarmiðum sínum á framfæri og beint málum í réttan farveg. Þessu tengist líka hlutverk húseignar VFÍ að Engjateigi 9 en þar ætti að vera aðsetur þessara hópa. Húseign VFÍ verði þá nokkurs konar “tæknihús” og merkt sem slíkt.”

Vandkvæðin

“Ég verð auðvitað var við að margir velta fyrir sér vandkvæðum við þessa sameiningu. Til dæmis velta verkfræðingar fyrir sér hvað verði um húseignina. Það er auvitað engin launung að verkfræðingar hér á árum áður lögðu talsvert mikið á sig svo stéttin gæti eignast þetta hús. Þeir borguðu hærri félagsgjöld en ella hefði þurft, sumir lögðu fram talsvert fé og fengu skuldabréf í staðinn sem margir hverjir innheimtu

aldrei, heldur gáfu til hússins. En það er nú einu sinni þannig, að þegar menn ganga í félag þá er það oft búið að starfa lengi og eignast miklar eignir. Það er félagið sem á eignina, ekki félagsmennirnir sem einstaklingar. Snjallasta hugmyndin sem ég hef heyrt er komin frá Vífli Oddssyni og gengur út á það að húsið sjálft, sem er talið 350 milljóna króna virði, verði áfram í eigu félagsins. Eignir að Engjateigi 7 verði annað hvort seldar eða leigðar út og þær tekjur lagðar í sjóð til að styrkja nemendur í verkfræði. Þetta er ákveðin millileið sem ég tel að menn geti sameinast um ef viljinn er fyrir hendi.

Annað atriði sem margir velta fyrir sér er hvort skynsamlegt sé að sameina starfsemi stéttarfélags og fagfélags. Að mínu mati fara faglegir og kjaralegir hagsmunir saman en vissulega þarf að vanda vel til verka við sameininguna og haga málum þannig að ekki komi til árekstra innan félagsins milli vinnuveitenda og launþega.“

Stóru málin

“Mér finnst að við eigum að líta til stóru málanna. Hvernig við ætlum að mæta framtíðinni og axla þá ábyrgð sem þjóðfélagið hlýtur að ætlast til af verkfræðingum og tæknifræðingum. Við búum í síbreytilegum heimi þar sem tækniþróunin er afar ör. Við verðum að búa okkur undir framtíðina og taka höndum saman um að leysa þau verkefni sem bíða okkar.

Mín hugmynd er sú að innan félagsins verði komið á fót einhvers konar verkfræðiakademíu. Í hana myndi félagið tilnefna eldri félaga úr hópi verkfræðinga og tæknifræðinga til að nýta reynslu þeirra og þekkingu. Slík akademía gæti til dæmis komið saman tvisvar á ári og rætt hvort við höfum gengið til góðs á sviðum verkfræðinnar. Þar myndu þeir sem hafa besta sýn yfir verkfræðina í íslensku þjóðfélagi greina stöðuna og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Það er ekki tilviljun að félög verkfræðinga og tæknifræðinga hafa verið sameinuð í löndunum í kringum okkur. Það eru augljósir kostir fólgnir í því að sameina félögin. Aflið eykst, hagkvæmnin verður meiri og rödd þessa hóps verður sterkari og við getum betur axlað þá ábyrgð sem okkur er ætluð.”